

Komdu að prjóna, hekla eða þæfa - Vorönn

Kennarar: Ingunn Elísabet Viktorsdóttir

| 10, 8, 9

Skólaárið

2024 - 2025 - Vorönn.

Helstu námsþættir vetrarins

Í valinu verður í boði að prjóna, hekla og/eða þæfa undir leiðsögn kennara. Þú kemur með hugmyndina og við útfærum hana, finnum uppskrift eða búum hana til. Ekki eru gerðar kröfur um að nemandi kunnir að hekla. Dæmi um mögulegt verkefni væri t.d. hárband, vettlingar, bangsi, mörgæs, skjaldbaka, belja eða dúkka. Hvort sem það væri heklað, prjónað eða þæft. Erfiðleikastigið fer eftir getu hvers og eins.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Kennt er á miðvikudögum eftir áramót. Hver nemandi fær einn tíma í viku, 80 mínútur í senn.

Námsaðlögun

Nemendur vinna einstaklingslega að verkefnum þar sem komið er til móts við getu hvers og eins. Þeir eru sífellt að bæta ofan á fyrri þekkingu í faginu.

Námsmat

Lögð er áhersla á virkni og skapandi vinnubrögð í kennslustundum. Hugmyndavinna og lokaafurð er metin og í lok skólaárs fá nemendur lokið/ólukið ásamt umsögn.

Námsgögn

Efni og verkfæri sem hæfa hverju viðfangsefni fyrir sig.

AS Komdu að þrjóna, hekla eða þæfa - valgrein '24 - '25

- **Hæfnieinkunn**
- beitt fjölbreyttum aðferðum og áhöldum greinarinnar
- unnið með snið og uppskriftir, tekið mál, áætlað stærðir og efnisþörf
- beitt skapandi og gagnrýnni hugsun í hönnun og textílvinnu